

2. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga

Haldið á Hótel Reykjanesi við Djúp

Þingskjal 5

Fjárhagsáætlun 2018

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2018

	Áætlun 2018	Endurskoðuð áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Framlög, styrkir og aðrar tekjur	290.780.000	309.306.360	261.444.128
Laun og launat.gjöld	77.765.000	72.683.000	58.503.251
Sérverkefni og skrifstkostn	213.012.000	235.561.363	196.633.882
	290.777.000	308.244.363	255.137.133
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir	3.000	1.061.997	6.306.995
Afskriftir	0	0	-140.354
Fjármunatekjur og gjöld	400.000	560.000	1.373.567
Rekstrarafkoma	403.000	1.621.997	7.540.208

Rætt hefur fyrr á þessum vettvangi á að breyta yrði framsetningu fjárhagsáætlunar með tilliti til að þáttur tímabundinna verkefna hefur eflst. Nú liggur hinsvegar fyrir, að við undirbúning Vestfjarðastofu verða þau kerfi FV og Atvest hafa unnið með, tekin til gagngerðar skoðunar og að hluta verða ný kerfi innleidd. Því var það metið sem svo að um tvívinnu yrði að ræða að breyta núverandi framsetningu, því er í fjárhagsáætlun 2018 unnið út frá þeirri framsetningu fjárhagsáætlunar sem verið hefur á síðustu árum.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2018 var stuðst við drög að milliuppgjöri 31. ágúst 2017, það uppgjör liggur hér einnig frammi til kynningar. En gerð uppgjörsins er hluti af undirbúningi Vestfjarðastofu. Kjarasamningsbundnar launahækkningar sem tekið er tillit til eru 1. júní 2018 og horft til kjarasamninga sem verða lausir á næsta ári. Stjórnar- og nefndarlaun eru samkvæmt ákvörðun 62. Fj.þings fest við þingfara kaup eins og það stóð 1. október 2016.

Þrjú áhersluverkefni sóknaráætlunar Vestfjarða eru með beinni aðkomu FV, samtals að fjárhæð kr 11.300.000,-. Þetta eru verkefnið Visit Westfjords, Umhverfissvottaðir Vestfirðir, og Vestfirðir altengdir og Kortlagning menningar og skapandi greina. Verkefnið verða að meginhluta unnin með aðkeyptri þjónustu nema Kortlagning menningar og skapandi greina.

Samanlögð framlög (tekjur) frá 2017 og endurskoðaðri áætlun 2017 lækka um 18,5 mkr, útgjöld vegna sérverkefna og skrifstofukostnaður lækka um 22,5 mkr og laun og launatengd gjöld hækka um 5 mkr, samtals lækka gjöld um 17,3 mkr.

Þessi breyting skýrist að nú í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir aukningu fjármagns til markaðsstofa landshlutanna. Sú aukning á að tryggja áframhald þessara verkefna og verður þá miðað við að kostnaður haldist í hendur við aukið fjármagn en einnig fjármagn til þróunar starfsemi.

Í annan stað lækkar það verkefnafjármagn sem hefur verið flutt á milli á ára á síðustu tveim árum, úr eldri Sóknaráætlunum og frá Menningarráði.

Varðandi kostnaðarliði almennt utan launabreytingar þá er í áætluninni er gengið út frá að verðlagsþróun á milli árunna 2017 og 2018 hafi lítilsháttar breytingar.

Árstillaga sveitarfélaga til FV fyrir árið 2018.

Forsendur fjárhagsáætlunar gefa ekki beint tilefni til endurskoðunar árstillags 2018 en það kæmi nánar til umræðu þegar rekstraráætlanir Vestfjarðastofu verða settar fram.

Almenningssamgöngur.

Samningur FV við Vegagerðina um almenningssamgöngur á Vestfjörðum rennur út í lok árs 2018. Viðræður um framhald þeirra samninga hafa ekki hafist en FV er þar með í hópi annarra landshlutasamtaka.

Hér er gerð tillaga um óbreyttan rekstur málaflokksins og framlög sem flutt hafa verið á milli ára verði nýtt innan ársins. Einnig er gengið út frá því að Vegagerðin leggi til fjármagn til þróunar almenningssamgangna í sveitarfélögum og verði sótt um slíkt í samráði við einstök sveitarfélög t.d. líkt og verið hefur með Vesturbyggð á síðustu tveim árum. Ekki er hægt að áætla hve mikið fjármagn hér um ræðir en því er ráðstafað óskertu áfram og hefur ekki áhrif á rekstur málaflokksins.

Rekstarniðurstaða er jákvæð um 1,6 mkr.

Atvinnu og nýsköpunarmál.

Hér að meginhluta tilgreint fjármagn í samningi FV um atvinnu og byggðaðróun við Byggðastofnun og þjónustusamningi FV við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Vinnuframlag FV er vegna sameignlegra verkefna með Atvest en það verkefni færir til innan Vestfjarðastofu en ekki eru forsendur til að meta það á þessari stundu og því er þessi liður látin standa óbreyttur.

Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 0,7 mkr.

Byggðaðróun.

Lagt er til að líkt og árinu 2017 verði lagðar kr 2.280.000,- af framlögum til reksturs skrifstofu verði færð á deild byggðaðróunar á árinu 2018. Rökstuðningur hefur verið að með þeim hætti endurspeglast betur áherslur í starfi FV varðandi umhverfisvottun. Sem síðan skilaði árangri þegar vestfirsk sveitarfélög fengu síðla árs 2016, silfurvottun EarthCheck á starfsemi þeirra.

Áhersluverkefni. Sóknaráætlun Vestfjarða samþykkti á árinu 2016 áhersluverkefni að fjárhæð 2.200 þkr til að efla verkefnið um umhverfissvottun sveitarfélaga. Framlagið gengur til að mestu til greiða laun við verkefnið.

Annað áhersluverkefni er Vestfirðir altengdir að fjárhæð 1.350 þkr til að efla ljósleiðaravæðingu sveitarfélag á Vestfjörðum og gengur það að mestu til aðkeyptrar þjónustu.

Rekstarniðurstaða deildar er jákvæð um 0,2 mkr.

Markaðsstofa.

Í áætlun ársins er horft til afgreiðslu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2018 til sem tryggi áframhald aukningar í starfsemi markaðstofu. Annað verkefnið byggir á samþykkt stjórnar FV í nóvember 2016 og nefnist Kjarnaveitan- Vefmál og stafræn upplýsingaveita, því mun að óbreyttu ljúka í febrúar 2018. En hitt verkefnið stefnumarkandi stjórnunaráætlanir DMP stefnumörkun sem haldið áfram á árinu. Hinsvegar eru í frumvarpi til fjárlaga 2018 tillögur um áframhald DMP verkefnis auk hækkunar á framlögum til markaðsstofa landshlutanna. Nánari útfærsla þessara verkefna vísast til skipulagningar reksturs og starfsmannahaldi Vestfjarðastofu nú fyrir áramót. Framlög til þessara tveggja verkefna nema á árinu 2018 kr 3.300.000,-.

Rekstrarniðurstaða er reiknuð 5 mkr.

Menningarmál

Starf menningarfulltrúa skiptist á menningarmál og sóknaráætlun vegna Uppbyggingarsjóðs og er fjármagnað af framlögum sveitarfélaga og sóknaráætlunar og verður það óbreytt á árinu 2018. Einnig hefur til staðar fjármagn frá starfsemi Menningarráðs Vestfjarða hefur þeim verið ráðstafað til sérstakar úthlutunar og til að vinna að menningarverkefnum (Straumar og Mótun stefnu í menningu og skapandi greinum). Vinna við verkefnið heldur áfram á árinu 2018.

Rekstarniðurstaða deildar er á núlli.

Sóknaráætlun

Framlög til Sóknaráætlunar Vestfjarða voru aukin nú í vor um 14,5 mkr og nema alls 107,4 mkr. Þeim er skipt niður á Uppbyggingarsjóður Vestfjarða um 64 mkr, áhersluverkefni 35,4 mkr og til reksturs 8 mkr. Samkvæmt samningi eiga vaxtatekjur af innistæðum áætlunarinnar að vera aðskildar öðrum vaxtatekjum.

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi á árinu 2018, með starfi Uppbyggingarsjóðs, eftirfylgni með áhersluverkefnum og starfsemi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Rekstur áætlunarinnar hefur vaxið að umfangi en í samningi við stjórnvöld er 8 mkr hámark sett á rekstur hennar. Á síðustu árum hefur í fjárhagsáætlun verið færð til framlög af öðrum rekstri til að mæta þessum útgjöldum en á móti hafa verið færðar inn tekjur af áhersluverkefnum.

Með þeirri framsetningu verður kostnaður ekki eins sýnilegur í heildina, en nú er ákveðið að færa ekki framlög af öðrum deildum og því verður niðurstaða deildarinnar tap upp á 11,4 mkr.

Hér fer saman að það þarf um 3,4 mkr til að mæta kostnaði við rekstur deildarinnar og setja taka verður það upp við endurskoðun á samningum sóknaráætlunar.

Eftir standa 8 mkr sem mætt er með rekstrarafgangi af öðrum deildum.

Rekstur skrifstofu

Áhersla verður hér á meiri eftirfylgni mála gagnvart stjórnvöldum og meiri sýnileiki í þeim störfum eins og starfsáætlun leggur fyrir en innviðamál bera þar hæst og fiskeldismál. Hér er einnig aukin vinna vegna vinnu að stofnun Vestfjarðastofu.

Framlög sveitarfélaga nema 10,2 mkr skiptast þannig að 8 mkr fara til rekstur skrifstofu en 2,2 mkr eru færð á rekstur byggðaðróunar.

Jákvæður rekstrarafgangur 5,7 mkr er nýttur til að mæta halla á rekstri annarra deilda.